

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 26. mars 2024  
Mál nr. E-5952/2022:

**A**

(Stefán Geir Þórisson lögmaður)

**gegn**

**Verði tryggingum hf.**

(Magnús Hrafn Magnússon lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 12. mars 2024, var höfðað 14. desember 2022 af A á hendur Verði tryggingum hf., Borgartúni 19, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 302.639 krónur með 4,5% vöxtum frá 23. maí 2019 til 10. október 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins úr hendi stefnda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu að mati dómsins.

## Yfirlit helstu málsatvika og ágreiningsefna

Mál þetta varðar uppgjör á skaðabótum, sem stefnda ber að greiða stefnanda vegna varanlegrar örorku hans, sem metin var í kjölfar umferðarslyss sem hann varð fyrir 23. nóvember 2018. Um bótaskyldu stefnda vegna afleiðinga slyssins er ekki ágreiningur, en bifreiðin sem stefnandi ók var tryggð lögboðnum ökutækjategyggingum hjá stefnda.

Líkamstjón stefnanda vegna slyssins var metið í matsgerð, dags. 9. september 2020, og er enginn ágreiningur um þá niðurstöðu matsins að varanleg örorka stefnanda vegna slyssins sé 70%. Gengu aðilar til uppgjörs þann 10. desember 2020 á grundvelli matsins, en uppgjórið var undirritað af hálfu stefnanda með fyrirvara meðal annars um árslauнавиðmið við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku, en ágreiningur hafði komið upp um það hvernig reikna ætti út árslauнавиðmiðið. Stefnandi telur að við útreikning bóta beri að bæta við árslauнавиðmið öllu framlagi vinnuveitanda hans í lífeyrissparnað, en stefndi telur að einungis skuli bætt við mótframlagi vinnuveitanda í skyldubundinn lífeyrissparnað.

Stefndi telur tjón stefnanda vera að fullu bætt og að atvik máls eða lagarök standi ekki til þess að stefnandi eigi frekari kröfu á hendur honum. Stefnandi fellst ekki á það og höfðar málið til þess að fá greiddar fullar bætur fyrir tjón sitt. Ágreiningur aðila að

Þessu leyti snýst í málinu um það hvort bæta eigi framlagi vinnuveitanda stefnanda í viðbótarlífeyrissparnað (séreignarsjóð) við árslaun samkvæmt 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 við útreikning á skaðabótum stefnanda fyrir varanlega örorku.

### Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi vísar til þess að í 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 segi að árslaun til ákvörðunar bóta samkvæmt 6. gr. skuli teljast vera meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag er tjón varð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við.

Í ákvæðinu sé talað um framlag vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, en ekki sé gerður greinarmunur á því hvort það sé skyldulífeyrissparnaður eða viðbótarlífeyrissparnaður. Þá sé einnig eðlilegt að allt framlag vinnuveitanda sé tekið inn í árslaunaútreikning enda sé um að ræða hluta af launakjörum viðkomandi aðila, hvort sem um sé að ræða skyldu-lífeyrissparnað eða viðbótarlífeyrissparnað. Það geti ekki haft þýðingu í þessu sambandi hvaða aðili taki á móti lífeyrissparnaði frá vinnuveitanda, en það hafi verið lífeyrissjóðirnir B og C sem tekið hafi á móti framlagi vinnuveitanda í lífeyrissparnað stefnanda.

Fjárhæð bóta vegna varanlegrar örorku sé fundin út með því að margfalda saman örorkustig samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga, aldursstuðul samkvæmt 6. gr. og árslaun samkvæmt 7. gr. laganna. Óumdeilt sé að örorkustig sé 70% og að aldursstuðullinn sé 3,647.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skulu árslaun til ákvörðunar bóta samkvæmt 6. gr. teljast vera meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir tjónsdag, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðist við. Tekjur stefnanda hafi samkvæmt staðgreiðsluskrá verið 8.464.996 krónur árið 2015, 9.167.226 krónur árið 2016 og 9.875.874 krónur árið 2017.

Árin 2015–2017 hafi vinnuveitandi stefnanda greitt framlag sem verið hafi 11,5% af launum stefnanda í B og 2% af launum stefnanda í C. Á árinu 2017 hafi vinnuveitandi stefnanda einnig greitt viðbótarframlag í B sem verið hafi 5,85% af launum stefnanda. Launavísitala á stöðugleikapunkti hafi verið 690 en meðallaunavísitala ársins 2015 hafi verið 518,2, árið 2016 hafi hún verið 577,1 og árið 2017 hafi hún verið 616,6. Samkvæmt þessu nemi árslaun stefnanda samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga 12.809.782 krónum.

Sundurliðun útreiknings sé eftirfarandi:

2015: 8.464.996 x 1,135 x (690/518,2)	= 12.799.056
2016: 9.167.226 x 1,135 x (690/577,1)	= 12.440.328
2017: 9.875.874 x 1,1935 x (690/616,6)	= 13.189.962

$$(12.799.056+12.440.328+13.189.962) / 3 = 12.809.782$$

Miða skuli við árslaun samkvæmt hámarkinu í 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, nánar tiltekið **12.596.500 krónur**, þar sem tekjur stefnanda samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna séu hærri en það.

Stefndi telji að miða skuli við árslaun að fjárhæð 12.477.953 krónur og hafi uppgjör í málinu tekið mið af því. Stefndi hafi greitt 30.999.964 krónur í bætur vegna varanlegrar örorku, en samkvæmt útreikningi stefnanda ættu bætur vegna varanlegrar örorku að vera 31.302.603 krónur. Sú fjárhæð fáið með því að margfalda saman árslaun samkvæmt 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga (12.596.500 krónur), aldursstuðulinn (3,647) og örorkustigið (70%) og draga frá þeirri fjárhæð 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris (855.002). Tjón stefnanda sé því vanbætt um 302.639 krónur sem sé fjárhæð dómkröfu hans.

Krafist sé 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga frá 23. maí 2019 (stöðugleikapunkti) til 10. október 2020 (mánuði eftir dagsetningu kröfubréfs), en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags.

Kröfur stefnanda styðjist við skaðabótalög nr. 50/1993 með síðari breytingum. Jafnframt sé vísað til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og umferðarlaga nr. 50/1987 eins og þau hafi verið á slysdegi og vísað sé til laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Um málskostnað sé vísað til XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr. þeirra. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili og beri því nauðsyn til að tekið verði tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar, sbr. lög nr. 50/1988.

### **Málsástæður og lagarök stefnda**

Sýknukrafa stefnda byggist í fyrsta lagi á því að uppgjör, dags. 10. desember 2020, hafi verið fullnaðaruppgjör milli aðila. Meginreglan sé sú að fyrirvaralaust fullnaðaruppgjör kröfu eða kröfuþátta leiði til þess að viðbótarkrafa vegna sama atviks eða sömu skuldaskipta verði ekki höfð uppi eftir það. Uppgjörið hafi verið án fyrirvara um frekari kröfur eða viðbætur vegna mótframlags í séreignarlífeyrissjóð. Stefnandi hafi notið aðstoðar lögmanns við uppgjörið. Hann hafi áður gert tilraun til þess að fá stefnda til að samþykkja þá kröfu sem hér sé deilt um og hefði því verið í lófa lagið að gera skýran fyrirvara við uppgjörið um þetta atriði. Af dómaframkvæmd megi ráða að almennir fyrirvarar, sem ekki hafi skírskotun til nánar tiltekinn atriða varðandi forsendur uppgjör skaðabóta, geti ekki falið í sér annað en að tjónþoli áskilji sér rétt til að krefjast frekari bóta ef síðar verði ófyrirséðar breytingar á heilsufari hans í skilningi 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnandi sé þannig bundinn við uppgjörið og því beri að sýkna stefnda.

Enginn lagagrundvöllur sé fyrir kröfu stefnanda. Hvergi megi finna því stoð í dómaframkvæmd að mótframlagi vinnuveitanda tjónþola í séreignarsjóð hafi verið bætt við meðalatvinnutekjur við útreikning á varanlegri örorku tjónþola á grundvelli 7. gr. skaðabótalaga. Það hafi þvert á móti verið almennur skilningur og almenn túlkun á umræddu orðalagi ákvæðisins í framkvæmd að einungis sé átt við venjulegt, skyldubundið mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð, sem ákveðið er með sérlögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða öðrum sambærilegum hætti, sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997. Sú túlkun sé ekki úr lausu lofti gripin, heldur megi leiða hana beint af athugasemdum við 7. gr. í greinargerð með því frumvarpi sem varð að skaðabótalögum, þar sem segi:

*Með tekjum skal bæði telja **venjulegt framlag** vinnuveitanda og launþega til lífeyrissjóðs. Til tekna teljast einnig hlunnindi, t.d. endurgjaldslaus bifreiðarafnot sem fylgdu starfi tjónþola áður en hann varð fyrir líkamstjóni.*

Grundvallarmunur sé á venjulegum skyldulífeyrissparnaði og frjálsum, einstaklingsbundnum séreignarlífeyrissparnaði. Skyldulífeyririnn sé, svo sem nafnið beri með sér, skyldubundinn samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og sé hann greiddur í sameignarsjóð. Frjáls, einstaklingsbundinn lífeyrissparnaður (einnig kallaður viðbótarlífeyrissparnaður, viðbótartryggingavernd eða séreignarsparnaður) sé aftur á móti valkvæður sparnaður sem einstaklingar eigi kost á að leggja til hliðar, til viðbótar við lögbundinn skyldulífeyrissparnað, í séreignarsjóð. Slíkur sparnaður geti ýmist verið í vörslu innlendra lífeyrissjóða, banka, sparissjóða, verðbréfafyrirtækja eða líftryggingafélaga, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, eða sambærilegra erlendra aðila, sbr. 4., 5. og 6. mgr. 8. gr. sömu laga.

Möguleikinn á því að leggja fé í frjálsan, einstaklingsbundinn lífeyrissparnað hafi komið til með lögum nr. 129/1997, við gildistöku þeirra 1. júlí 1998, og hafi því komið til eftir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993. Þetta sparnaðarform hafi þróast umtalsvert á rúmum 20 árum. Upphaflegt meginmarkmið þess hafi verið að leggja fyrir fé til efri áranna, en með tímanum hafi löggjafinn opnað á ýmsar aðrar leiðir fyrir einstaklinga til þess að nýta sparnaðinn fyrr. Fyrirframgreiðsla slíks sparnaðar hafi til að mynda verið heimiluð innan ákveðinna marka í kjölfar efnahagshrunsins 2009 og aftur í kjölfar kórónuveirufaraldursins árið 2020. Með lögum nr. 40/2014, til breytinga á lögum nr. 129/1997, hafi einstaklingum verið heimilað að nýta viðbótarlífeyrissparnað skattfrjálst til að greiða niður íbúðarlán, sbr. ákvæði XVI til bráðabirgða, og hafi sú heimild síðar verið framlengd. Með sömu lögum hafi verið heimilað að nýta viðbótarlífeyrissparnað skattfrjálst til fyrstu fasteignakaupa, sbr. ákvæði XVII til bráðabirgða. Sambærilegar heimildir til úttektar gildi ekki um skyldulífeyrinn, og séu þessar úttektarheimildir undantekningar frá meginreglum 11. og 12. gr. laga nr. 129/1997.

Ákvæði 7. gr. skaðabótalaga hafi einu sinni tekið breytingum, þ.e. með 6. gr. breytingarlaga nr. 37/1999 sem tekið hafi gildi 1. janúar 1999. Með þeirri lagabreytingu hafi orðunum *að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs* m.a. verið bætt við ákvæðið. Í athugasemdum við 6. gr. í greinargerð með frumvarpi að breytingarlögunum hafi þó einungis verið tekið fram um þessa orðalagsbreytingu að henni væri ætlað að taka af tvímæli um að bæði væri átt við framlag vinnuveitanda og launþega til lífeyrissjóðs. Hefði ætlunin með breytingunni verið að rýmka túlkun ákvæðisins, breyta rótgróinni framkvæmd og fella undir það meira en venjulegt, skyldubundið framlag í lífeyrissjóð hefði löggjafanum verið bæði nauðsynlegt og í lófa lagið að taka skýrt af skarið um það í lagatextanum sjálfum, eða að minnsta kosti í lögskýringargögnum, enda hafi heimild til greiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar verið lögfest árið áður en breytingarlögin tóku gildi. Það hafi ekki verið gert. Ekki sé forsenda til þess að túlka ákvæðið rýmra en orðalag þess, lögskýringargögn og dómaframkvæmd gefi tilefni til og því beri að sýkna stefnda.

Ekki sé hægt að líta fram hjá mismunandi eðli greiðslna, þ.e. annars vegar skyldubundnu framlagi í lífeyrissjóð og hins vegar framlagi í frjálsan, einstaklingsbundinn séreignarsparnað. Það eitt að greiðslurnar séu í daglegu tali kallaðar svipuðum nöfnum, þannig að frjálsi séreignarsparnaðurinn sé kallaður séreignarlífeyrissparnaður eða viðbótarlífeyrissparnaður, geri réttindin sem fylgi þeim ekki eðlislík. Þessar tvær mismunandi tegundir sparnaðar verði ekki felldar undir sama hatt án nánari fyrirmæla frá löggjafanum. Ákveðna vísbendingu megi með samræmisskýringu finna við túlkun á ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Þar segi að maki geti krafist þess við hjúskaparslit að *réttindi í opinberum lífeyrissjóðum eða einkalífeyrissjóðum, svo og krafa til lífeyris eða líftryggingarfjár sem hefur ekki endurkaupsvirði* komi ekki til fjárskipta. Litið hafi verið svo á að undir þetta ákvæði falli ekki réttindi í séreignarlífeyrissparnaði, sbr. t.d. niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 348/2014, m.a. með vísan til þess að rétthafa séreignarsparnaðar sé heimilt, sbr. bráðabirgðaákvæðin sem að framan er getið, að leita útborgunar á honum, þrátt fyrir að ekki sé fullnægt almennum skilyrðum 11. og 12. gr. laga nr. 129/1997 fyrir slíkri útborgun.

Beita beri sömu skýringu varðandi ákvæði 7. gr. skaðabótalaga, þannig að undir ákvæðið falli ekki greiðslur stefnanda og mótframlag vinnuveitanda í séreignarsparnað.

Af eðli venjulega, skyldubundna framlagsins leiði jafnframt að hægt sé að ganga út frá því að tjónþoli, hér stefnandi, hafi alla sína starfsævi greitt í slíkan sjóð og muni halda áfram að gera það út starfsævina, og sömuleiðis að hann hafi og hefði notið mótframlags frá vinnuveitanda. Þar sem slík framlög séu skyldubundin samkvæmt lögum sé engar sönnunar þörf um þetta atriði. Annað gildi um framlög í frjálsan, einstaklingsbundinn séreignarsparnað, sem séu valkvæð og alfarið undir hverjum og einum komið hvort slík framlög séu greidd eða hvort, og þá hvenær, samningur sé gerður við launa-greiðanda um að greiða mótframlag vegna þeirra. Hann geti ákveðið að hætta að greiða

viðbótarlífeyrissparnað hvenær sem er, andstætt við skyldubundið framlag atvinnurekanda og launþega í lífeyrissjóð, sbr. 9. gr. laga nr. 129/1997, og geti leitað útborgunar á honum þrátt fyrir að almennum skilyrðum 11. og 12. gr. laga nr. 129/1997 sé ekki fullnægt.

Bótum stefnanda fyrir varanlega örorku sé ætlað að bæta honum tekjutap til framtíðar. Stefnandi hafi verið [...] ára þegar slysið varð. Fyrir liggi þrír launaseðlar, frá desembermánuðum árána 2015, 2016 og 2017, en ekkert liggi fyrir um það hvort, og þá hve lengi, stefnandi hafi fyrir þann tíma látið hluta af launum sínum renna í séreignarsjóð. Þá komi ekki fram hvort hann hafi haft uppi áform um að hætta að greiða í slíkan sjóð og hefja úttekt úr honum, en fram komi að starfsaldur stefnanda hafi verið rúm 24 ár.

Verði fallist á að greiðslur í séreignarlífeyrissjóð heyri undir orðalag ákvæðis 7. gr., sem stefndi mótmæli, sé frekari sönnunar þörf um það hve lengi stefnandi hafi greitt í umræddan sjóð og um að slíkar greiðslur myndu standa yfir óbreyttar til loka starfsævi hans, til þess að unnt sé að ganga gegn fyrri framkvæmd og taka kröfu hans til greina. Ekki nægi að sýna fram á að stefnandi hafi greitt í sjóðinn þrjú almanaksár fyrir slys.

Í sýknukröfu stefnda felist einnig krafa um lækkun dómkröfu með sömu rökum.

Um lagarök vísi stefndi einkum til skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennra reglna skaðabótaréttar. Einnig til laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og til hjúskaparlaga nr. 31/1993. Krafa um málskostnað styðjist við 130. gr. laga um meðferð einkamála og krafa um álag á málskostnað byggist á því að stefndi reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi og sé því nauðsynlegt að fá dæmt álag er þeim skatti nemi úr hendi stefnanda.

## **Niðurstaða**

Svo sem að framan hefur verið rakið er í máli þessu deilt um það hvort þau fyrirmæli 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, að árslaun til ákvörðunar bóta fyrir varanlega örorku skuli vera að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, taki, auk framlags vinnuveitanda til lögbundins lífeyrissparnaðar, einnig til framlags hans til séreignar.

Uppgjör á bótum til stefnanda fór fram þann 10. desember 2020, en það uppgjör samþykkti stefnandi með fyrirvara, meðal annars um árslaunaviðmið við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku. Stefndi heldur því fram að þetta hafi verið fullnaðaruppgjör milli aðila sem stefnandi sé bundinn við og telur að sýkna beri stefnda þegar af þeirri ástæðu að ekki hafi verið gerður skýr fyrirvari um frekari kröfur eða viðbætur vegna mótframlags í séreignarlífeyrissjóð.

Ágreiningur aðila um þetta atriði kom upp áður en til uppgjors var gengið. Í tölvupósti frá starfsmanni stefnda til lögmanns stefnanda þann 8. desember 2020, tveimur dögum fyrir uppgjórið, kom fram að ítrekað væri varðandi *árslaunaviðmiðið* að ekki væri fallist á að mótframlag vinnuveitanda í séreignarsjóð bættist við árslaun þar sem þær

greiðslur gætu ekki talist framlag vinnuveitanda til lífeyrissjóðs í skilningi 7. gr. skaðabótalaga. Í ljósi þessa aðdraganda, og að því virtu að stefndi valdi að kynna afstöðu sína til þessa ágreiningsefnis undir þeim formerkjum að það varðaði árslaunaviðmiðið, þykir stefnda hafa mátt vera ljóst að fyrirvari stefnanda um árslaunaviðmið við útreikning bóta hafi einmitt snúist um frekari kröfur hans vegna mótframlags í séreignarlífeyrissjóð. Telst fyrirvarinn eins og hér stóð á hafa verið nægilega skýr og ótvíræður og verður stefndi ekki sýknaður af dómkröfum stefnanda á þeim grundvelli að fyrirvari stefnanda við uppgjórið hafi ekki verið nægilega skýr að þessu leyti.

Það orðalag 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem hér er deilt um túlkun á, kom fyrst í ákvæðið með breytingu sem á því var gerð með lögum nr. 37/1999. Stefnandi bendir á að í lagaákvæðinu sjálfu sé nú talað um framlag vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, en ekki sé gerður greinarmunur á því hvort það sé skyldulífeyrissparnaður eða viðbótarlífeyrissparnaður. Stefndi kveður það hafa verið almennan skilning og almenna túlkun á umræddu orðalagi ákvæðisins í framkvæmd að átt sé við venjulegt, skyldubundið mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð.

Stefndi vísar til þess að í athugasemdum með frumvarpi til skaðabótalaga nr. 50/1993 hafi þetta komið fram um árslau: *Með tekjum skal bæði telja venjulegt framlag vinnuveitanda og launþega til lífeyrissjóðs*. Telur stefndi orðin venjulegt framlag benda til þess að ekki sé átt við framlag til séreignar. Skaðabótalögin voru sett áður en gildi tók með lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, umrætt fyrirkomulag um tilgreinda séreign launþega og mótframlag vinnuveitanda til séreignar. Ekki verður fallist á það með stefnda að orðalag í frumvarpinu frá 1993 um *venjulegt* framlag gefi vísbendingu um að síðar lögleitt mögulegt framlag til séreignar skuli vera undanskilið við túlkun á núgildandi ákvæði skaðabótalaga.

Stefndi telur að ekki sé átt við framlag til séreignar þar sem það sé valkvætt en ekki skyldubundið. Til stuðnings þeirri málsástæðu vísaði lögmaður stefnda við málflutning til dóms Hæstaréttar í máli nr. 623/2013, þar sem segir að bæta eigi starfsmanni skyldubundið framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð, enda teljist þær greiðslur til árslauna við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku, sbr. 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, svo sem því ákvæði var breytt með lögum nr. 37/1999. Stefndi telur að orðalag dómsins um *skyldubundið* framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð verði að skilja svo að það geti ekki átt við um framlag vinnuveitanda í séreign, heldur einungis um mótframlag í almennan hluta lífeyrissjóðs launþega. Mótframlag vinnuveitanda verður þó einnig skyldubundið, að uppfylltum skilyrðum laga nr. 129/1997, þegar launþegi velur að leggja í séreign til viðbótar við lágmarksframlag í lífeyrissjóð. Verður því ekki fallist á að tilvitnað orðalag Hæstaréttar gefi þá leiðsögn um túlkun sem stefndi heldur fram.

Loks telur stefndi það mæla gegn túlkun stefnanda á 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga að séreignarsparnaður geti ýmist verið í vörslu innlendra lífeyrissjóða, banka, sparissjóða,

verðbréfafyrirtækja eða líftryggingafélaga eða sambærilegra erlendra aðila og sé hann því ólíkur skyldulífeyrissparnaði. Séreignarsparnaður sé valkvæður og rétt höfum hafi auk þess verið heimilað við tiltekna aðstæður að leita útborgunar á honum þrátt fyrir að ekki sé fullnægt almennum skilyrðum laga nr. 129/1997 fyrir slíkri útborgun, sem ekki eigi við um skyldulífeyrissparnað. Þennan mun telur stefndi eiga að leiða til þess að framlag vinnuveitanda til séreignar beri ekki að telja til tekna launþega í skilningi 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og vísar því til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 348/2014. Í því máli komu réttindi til séreignarlífeyrissparnaðar til fjárskipta við hjúskaparslit, en réttindi hvors hjóna um sig á hendur lífeyrissjóðum á grundvelli almennra reglna um skyldutryggingu lífeyrisréttinda voru látin falla utan skipta. Séreignarréttindin voru talin þess eðlis að hægt væri að afhenda þau og því gátu þau komið til skipta við hjúskaparslit.

Á það verður ekki fallist að sá eðlismunur, sem lýst er í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar og þar skipti máli, geti með sama hætti skipt máli við mat á því hvort framlag vinnuveitanda til séreignar stefnanda teljist með árslaunum við útreikning þeirra skaðabóta sem hér er deilt um. Þeim bótum var ætlað að bæta skerta möguleika stefnanda til atvinnuþátttöku og tekjuöflunar vegna varanlegrar örorku hans af völdum slyss. Hér er til úrlausnar hvort framlag vinnuveitanda stefnanda til séreignar teljist með árslaunum hans á tilteknu þriggja ára liðnu tímabili, sem að meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga ber að leggja til grundvallar við útreikning skaðabóta fyrir varanlega örorku. Óumdeilt er að það voru lífeyrissjóðir sem tóku á móti framlagi vinnuveitanda til séreignar stefnanda og skiptir því engu máli hér þótt heimilt sé að fela öðrum en lífeyrissjóðum vörslur slíks sparnaðar. Skilyrtar heimildir til úttektar á slíkum sparnaði og það að launþega er ekki skylt að efna til séreignarlífeyrissparnaðar breyta engu um þá staðreynd að vinnuveitandi stefnanda lagði mótframlag til séreignar stefnanda í lífeyrissjóði á viðmiðunarárunum. Þetta framlag var hluti af kjörum stefnanda vegna atvinnuþátttöku hans á þeim árum.

Deilt er um túlkun á þeirri viðbót sem kom í 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga með lögum nr. 37/1999. Í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga kom fram að til þess að taka af tvímæli yrði kveðið á um það í lögum að til heildaratvinnutekna skuli bæði telja framlag vinnuveitanda og launþega til lífeyrissjóðs. Þannig var framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð talið til hluta af kjörum tjónþola á viðmiðunartímabili og skyldi talið með við útreikning árslauna. Hvorki er í ákvæðinu né lögskýringargögnum nefnt að annað skyldi gilda um valkvæð umsamin framlög í séreignarlífeyrissjóð samkvæmt lögum nr. 129/1997, sem þá höfðu tekið gildi. Verður sú þögn ekki skilin með þeim hætti sem stefndi heldur fram. Til þess að fyrirmæli laga verði skilin með öðrum hætti en samkvæmt orðanna hljóðan þarf sterk rök, en að mati dómsins hefur stefndi ekki fært fram slík rök. Verður því með vísan til alls framangreinds fallist á það með stefnanda að eðlilegt sé að allt mótframlag vinnuveitanda stefnanda til lífeyrissjóðs sé tekið inn í

árslaunaútreikninginn, enda er um að ræða hluta af launakjörum stefnanda, hvort sem framlagið gengur til skyldulífeyrissparnaðar eða viðbótarlífeyrissparnaðar.

Málsástæðum stefnda um að frekari sönnunar sé þörf um hvað séreignarsparnaður stefnanda hafi staðið lengi fyrir viðmiðunarárin og um það hversu lengi honum hafi verið ætlað að standa er hafnað. Um framlag til séreignarsparnaðar í þessu máli ber, eins og um önnur kjör stefnanda, að leggja til grundvallar hvernig málum var í raun háttað á viðmiðunarárunum þremur. Til hliðsjónar er dómur Hæstaréttar í máli nr. 264/2004. Þar þóttu engin haldbær rök vera fyrir hendi til að miða tjón tjónþolans við lægra framlag vinnuveitanda en 11,5%, sem var það hlutfall sem greitt var í raun á viðmiðunartímabili þess máls og engu máli var talið skipta þótt lögbindið lágmark framlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð væri 6%. Hér liggja fyrir gögn um laun stefnanda, að meðtöldu framlagi til lífeyrissjóðs, árin 2015, 2016 og 2017. Þar sem árslaun stefnanda samkvæmt meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga reyndust þannig fundin vera hærri en hámarkslaun samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins bar að reikna skaðabætur stefnanda fyrir varanlega örorku á grundvelli þeirra árslauna sem þar er mælt fyrir um, en það var ekki gert.

Að öllu framangreindu virtu er því fallist á það með stefnanda að tjón hans sé ekki fullbætt. Ekki er tölulegur ágreiningur um að krafa stefnanda samræmist útreikningi bóta miðað við þau árslaun sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og verður stefnda því gert að greiða stefnanda umkrafða bótafjárhæð ásamt vöxtum og dráttarvöxtum svo sem krafist er.

Stefnandi hefur gjafsókn í málinu og greiðist allur gjafsóknarkostnaður hans því úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun Stefáns Geirs Þórissonar lögmanns sem hæfileg er ákveðin án virðisaukaskatts 500.000 krónur. Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða 500.000 krónur í málskostnað, sem renni í ríkissjóð, sbr. 4. mgr. 128. gr. sömu laga.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Vörður tryggingar hf., greiði stefnanda, A, 302.639 krónur með 4,5% vöxtum frá 23. maí 2019 til 10. október 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun Stefáns Geirs Þórissonar lögmanns, 500.000 krónur.

Stefndi greiði 500.000 krónur í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Kristrún Kristinsdóttir